



Áveitan

5. tbl. 13. árgangur. Maí 2019

Sumardagskrá Umf. Þjóttanda (nánar auglýst síðar)

Maí:	Vetraræfingum lýkur
Fjör í Flóa:	Brokk og skokk Pylsusala við Þingborg Skólahreystibraut og andlitsmálning
Júní –ágúst:	Leikjanámskeið fyrir 7-12 ára hefst 11. júní Hátíðarhöld í Einbúa 17. júní Fótboltamót fyrir krakka 17. júní Íþróttæfingar fyrir 6-13 ára Leikjakvöld fyrir unglinga Útivistarverkefnið „Sá ég spóa“ Frjálsíþróttamót í Þorlákshöfn og Selfossi Ungmennafélagsreiðtúrinn Fjallganga

Opið hús – fjarskiptafélög kynna þjónustu sína

Miðvikudaginn 22. maí verður opið hús með þjónustuveitum í Félagslundi milli kl. 15:00-19:00. Þar munu fjarskiptafélög kynna þjónustu og vöruframboð sitt sem verður í boði á nýja ljósleiðarkerfi Flóaljóss. Fulltrúar Flóaljóss verða einnig á staðnum og veita fúslega svör við þeim spurningum sem kunna að brenna á íbúum. Allir eru velkomnir að koma og kynna sér hvað í boði er hjá viðkomandi fyrirtæki varðandi hinar ýmsu lausnir; ljósleiðara, net, sjónvarp, farsíma og fleira.

Hlökkum til að sjá ykkur.
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri.

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Fanney Ólafsdóttir	fanneyo80@gmail.com	892-4155
Bryndís Eva Óskarsdóttir	bryndisevao@gmail.com	846-7188
Hallfríður Ósk Aðalsteinsd.	halla@floahreppur.is	845-9719
Ellen Bachman Lúðvíksd.	ellenbach@simnet.is	616-1588

Frá sveitarstjóra

Kæru íbúar og aðrir lesendur

Vori og sumri fylgir gjarnan tilhlökkun en stundum líka kvíði því þegar daginn lengir ætlum við að gera svo margt í sveitinni og nýta alla birtuna til góðra verka ásamt því að eiga nógan tíma með fjölskyldu og vinum. Markmiðin eru mörg og mismunandi og allt þarf að heppnast sem best. Við skipuleggjum tímann og gerum okkar besta til þess að ná öllu sem er á dagskránni og viljum engu gleyma. Munum samt að hver stund er einstök og kemur ekki aftur. Það er mikilvægt að hafa þetta í huga því ef streitan nær yfirhöndinni og annríki verður of mikið gleymist að njóta stundarinnar. Verum virk en njótum daganna með það í huga að gera okkar besta til þess að minningarnar okkar verði jákvæðar og góðar. Það er ekki sjálfgefið að allar áætlanir gangi upp og þá þarf að taka því með jafnaðargeði. Munum að mestu snillingar og uppfinningamenn hafa gert ótal mistök áður en fullskapað verk varð að veruleika eða nýtt hugverk varð til. Góður árangur byggir oft á því að læra af þeim mistökum sem við gerum, halda ótrauður áfram en reynslunni ríkari. Við stefnum á gott sumar í Flóahreppi.

Hreyfing og sund

Holl hreyfing er forsenda gleði og góðrar heilsu. Vorið og sumarið er tíminn til þess að nýta vel samkomulag Flóahrepps og Árborgar um sund á Selfossi og á Stokkseyri. Flóahreppur greiðir samkvæmt samningi sem er í gildi við okkar góðu nágranna í Árborg fyrir endurgjaldslausar sundferðir fyrir börn og eldri borgara úr Flóahreppi. Við hvetjum ykkur til þess að nýta ykkur það í vor og sumar.

Vinnuskólinn

Vinnuskólinn verður starfræktur með svipuðu sniði og verið hefur fyrir börn sem eiga lögheimili í Flóahreppi og verður boðið upp á 2 vikur fyrir nemendur sem koma úr 7. bekk í samráði við flokksstjóra.

Vinnuskólinn hefst 11. júní og honum lýkur 26. júlí. Gert er ráð fyrir að hver og einn fái vinnu í 6 vikur frá mánudegi - fimmtudags en ein vikan verði frívika í samráði við flokkstjóra. Gengið hefur verið frá samkomulagi við tvo flokksstjóra þau Magnús Freyr Bárðarson og Ingveldi Þorsteinsdóttir. Ennþá vantar okkur einn flokksstjóra.

Umsóknareyðublöð vegna vinnuskólans eru á heimasíðu Flóahrepps og þarf að skila þeim á skrifstofu Flóahrepps fyrir 1. júní. Athugið að umsóknareyðublöð þurfa að vera undirrituð af foreldri eða forráðamanni.

Flóaljós – Opið hús með fulltrúum frá fjarskiptafyrirtækjum

Miðvikudaginn 22. maí verður opið hús í Félagslundu frá klukkan 15:00 og 19:00 þar sem fulltrúum fjarskiptafyrirtækja verður boðið að kynna þjónustu sína og þær áskriftarleiðir sem bjóðast. (Sjá auglýsingu.)

Umhverfissuðurland – Vorhreinsun

Gámar vegna vorhreinsunar verða í boði eins og undanfarin á dagana 17. – 24. maí. Sömu daga er einnig hægt að fá gáma heim á bæi til sérstakra átaksverkefna. Athugið að krafa er gerð um vandaða flokkun. Nánari upplýsingar á skrifstofu Flóahrepps í síma 480 4370 eða á gudrun@floahreppur.is

Fjör í Flóa

Undirbúningur undir hátíðina Fjör í Flóa gengur vel. Menningarnefndin er búin að stilla upp spennandi dagskrá með þátttöku félagasamtaka og einstaklinga. Eitthvað verður í boði í öllum félagsheimilum og einstaklingar bjóða einnig heim. Allt er gert til þess að halda myndarlega hátíð í Flóahreppi. Félagsheimilið Þjórsárver verður 60 ára á árinu og af því tilefni býður Flóahreppur til kaffiveislu í Þjórsárveri föstudaginn 24. maí. **Nánar um það í dagskrá hátíðar.**

Við hvetjum ykkur til þess að taka þátt í viðburðum „Fjörs í Flóa“ eftir bestu getu og taka með ykkur gesti.

Bestu kveðjur, Eydís Þ. Indriðadóttir sveitarstjóri.

Úrslit úr viðavangshlaupinu

Viðavangshlaup Umf. Þjótanda fór fram á Þjórsárbökkum sumardaginn fyrsta. 85 þátttakendur fóru brautina, hver á sínum hraða. Að hlaupi loknu fengu allir þátttakendur svaladrykk og verðlaun fyrir þátttökuna. Sigurvegarar í karla og kvennaflokki fengu farandbikara og þau voru að þessu sinni Soffía Náttsó! Andradóttir og Unnsteinn Reynisson. Hér að neðan eru úrslit hlaupsins.

1.	Unnsteinn Reynisson	2003	5:14mín
2.	Daði Kolviður Einarsson	2005	5:41mín
3.	Sigurjón Reynisson	2005	5:51mín
4.	Soffía Náttsó! Andradóttir	2006	5:58mín
5.	Kristófer Máni Andrason	2010	6:25mín
6.	Karólína Þórbergsdóttir	2009	6:36mín
7.	Kári Einarsson	2010	6:40mín
8.	Sara Ægisdóttir	2003	6:41mín
9.	Axel Páll Einarsson	1987	6:43mín
10.	Guðrún Ásta Ægisdóttir	2005	6:47mín
11.	Helgi Reynisson	2008	6:49mín
12.	Arnór Leví Sigmarsson	2007	6:51mín
13.	Bjarki Rafn Reynisson	2010	6:57mín
14.	Sveinn Orri Einarsson	1996	7:01mín
15.	Hjalti Geir Jónsson	2006	7:25mín
16.	Kristín Lilja Sigurjónsdóttir	1997	7:28mín
17.	Heinz Jóhann Brynjólfsson	2004	7:32mín
18.	Garðar Þór Jónsson	2010	7:46mín
19.	Rán Ægisdóttir	2010	8:26mín
20.	Ægir Sigurðsson	1978	8:27mín
21.	Ólöf Vala Heimisdóttir	2006	8:29mín
22.	Katharina Roth	2000	8:33mín
23.	Valgerður Björk Hlíðdal	2014	8:40mín
24.	Örvar Rafn Hlíðdal	1984	8:40mín
25.	Silja Lind Jónsdóttir	2007	8:40mín
26.	Linn Ahe	1998	9:12mín
27.	Egill Ingi Nielsen	2011	9:46mín
28.	Jakob Nielsen Kristjánsson	1986	9:47mín
29.	Þórunn Eva Ingvarsdóttir	2007	9:56mín

30.	Óskar Freyr Sigurðsson	2007	10:02mín
31.	Gísli Svavar Sigurðsson	2011	10:07mín
32.	Eyþór Bergmann Ingvarsson	2009	10:12mín
33.	Logi Viðarsson	2002	10:22mín
34.	Lilja María Axelsdóttir	2012	10:25mín
35.	Julia Rothhausen	1993	10:25mín
36.	Þórarinn Óskar Ingvarsson	2009	10:31mín
37.	Ragnhildur Klara Jónsdóttir	2012	10:53mín
38.	Markús Ívarsson	1947	10:57mín
39.	Jón Valur Jónsson	2013	11:00mín
40.	Jón Örn Albertsson	1981	11:00mín
41.	Arnar Alex Reynisson	2014	11:18mín
42.	Telma Dröfn Ásmundsdóttir	1985	11:20mín
43.	Páll Axel Axelsson	2014	11:32mín
44.	Elísabet Thorsteinsson	1991	11:32mín
45.	Viðar Ófeigsson	1958	11:36mín
46.	Elva Rún Heimisdóttir	2011	12:00mín
47.	Þorkell Ólafur Þórbergsson	2015	12:00mín
48.	Iðunn Ýr Ásgeirsdóttir	1984	12:00mín
49.	Kristján Reynisson	2012	12:08mín
50.	Aldís Tanja Sigmarsdóttir	2005	12:08mín
51.	Ragnhildur Sara Andradóttir	2014	12:25mín
52.	Heimir Rafn Bjarkason	1982	12:40mín
53.	Sigrún Helgadóttir	1983	12:41mín
54.	Ásta Björg Jónsdóttir	2010	12:56mín
55.	Bergþóra Dögg Þórbergsdóttir	2011	12:57mín
56.	Kristín María Sigurðardóttir	2013	12:59mín
57.	Gréta Sóley Ingvarsdóttir	2015	13:13mín
58.	Ingvar Guðni Ingimundarson	1978	13:14mín
59.	Kristján Þórarinn Andrasón	2016	13:35mín
60.	Hulda Kristjánsdóttir	1984	13:35mín
61.	Björgvin Guðni Sigurðsson	2009	14:25mín
62.	Sigurður Emilsson	1971	14:25mín
63.	Hrafnkell Hilmar Sigmarsson	2010	15:18mín
64.	Albert Hellsten Högnason	2010	15:19mín
65.	Steinunn Lilja Kristinsdóttir	2013	15:29mín

66.	Elín Dóra Þorsteinsdóttir	2014	15:42mín
67.	Þorsteinn Logi Einarsson	1982	15:42mín
68.	Elín Bjarnveig Sveinsdóttir	1960	15:42mín
69.	Aðalsteinn Sveinsson	1959	15:48mín
70.	Lilja Reynisdóttir	2015	16:09mín
71.	Fanney Ólafsdóttir	1980	16:09mín
72.	Kristín Stefánsdóttir	1948	16:09mín
73.	Valgerður Gestsdóttir	1957	16:17mín
74.	Anna Guðbergisdóttir	1953	17:16mín
75.	Íris Harpa Kristinsdóttir	2016	17:34mín
76.	Kolbrún Katla Jónsdóttir	2001	17:35mín
77.	Erla Björg Aðalsteinsdóttir	1987	17:35mín
78.	Cathy Krentel	1990	17:45mín
79.	Doris Krentel	1958	18:17mín
80.	Birte Neumann	1990	18:17mín
81.	Rakel Ýr Sigmarsdóttir	2015	18:49mín
82.	Sigmar Örn Aðalsteinsson	1983	18:49mín
83.	Matthilda Sigurðardóttir	2013	19:10mín
84.	Einar Hörður Haraldsson	2015	19:15mín
85.	Haraldur Einarsson	1987	19:20mín

Aðalfundur Skógræktarfélags Villingaholtshrepps

Aðalfundur Skógræktarfélags Villingaholtshrepps verður haldinn 13. maí í Kolsholti 1 (heima hjá Erlu Björg Aðalsteinsdóttur). Fundurinn hefst kl 20:00.

Meðal umræðuefna fundarins verða fyrirhuguð fjölskylduskógarferð, umhirða og framkvæmdir við Skagás og samstarfsverkefni félagsins við skólastigin ásamt hefðbundnum aðalfundarstörfum. Félagsmenn og áhugasamir eru hvattir til að koma og taka þátt í starfi félagsins og móta verkefni sumarsins.

Jafnframt er minnt á að þau sem ætla að fá plöntur hjá félaginu að senda inn pöntun hjá Erlu Björg (s: 849-0502) eða á facebook-síðu skógræktarfélagsins.

Vorhátíð Fjör í Flóa 2019

Dagskrá í Tré og list Forsæti

23. maí:

Tónleikar fyrir eldri borgara Flóahrepps, núverandi og burtflutta í orgelstofu kl:16:00. Ingveldur Ýr húsfrú Villingaholti 2 og Ólafur Forsæti. Leynigestir. Kaffi á könnu.

24. maí:

Opnun málverkasýningar Ásdísar Arnardóttur kl: 20:00.

25. maí:

Safnið opið kl: 13:00–18:00. Tónlist í orgelstofu, málverkasýning og safngripir Siggu á Grund.

Aðgangur kr. 1000 meðan vorhátíð stendur og frítt fyrir born.

26. maí

Opið kl: 13:00–18:00. Tónlist í orgelstofu, safngripir og málverkasýning.

Aðgangur kr 1000, frítt fyrir börn.

Söfnun á fatamarkað Fjör í Flóa

Kvenfélögin í Flóahreppi óska eftir heilum hreinum fatnaði til að bjóða á fatamarkaði Fjors í Flóa. Þetta er liður í að nýta betur þau föt sem eigendur eru hættir að nota og sporna við fatasún.

Hægt er að skila fatnaði í Þingborg á fataslár sem þar verða á tímabilinu 23. maí til 24. maí frá kl. 19:00 til 21:00 báða dagana. Fötin verða seld á vægu verði til styrktar þeim málefnum sem kvenfélögin ákveða.

Fjör í Flóa

24. maí – 25. maí 2019

Fjölskyldu- og menningarhátíð í Flóahreppi

Föstudagur 24. maí

Ullarvinnslan Þingborg, Gamla Þingborg opið hús.

Gallerí Flói, Gamla Þingborg opið hús.

Leikskólinn Krakkaborg opið hús.

Skrifstofa Flóahrepps opið hús.

16:30 - 18:00 Þjórsárver fagnar á þessu ári 60 ára afmæli og býður sveitastjórnin til kaffisamsætis í Þjórsárveri fyrir sveitunga og velunnara hússins. Menningarstyrkur Flóahrepps verður afhentur og tilkynnt verður um kjör á íþróttamanni og -konu ársins. Myndasýning frá Ólafi Sigurjónssyni í Forsæti.

19:30 Kvöldganga frá Hurðarbaki að hótelinu í Hnausi. Mæting á hlaðið á Hurðarbaki. Hægt að líta í fjósið og fjárhúsið, eða þiggja hressingu í hlöðunni áður en lagt verður af stað í gönguna. Gengið verður af stað **kl 20:00** og er leiðin um 2,5 km. Tekið verður á móti göngufólki í 360° Hótel með skoðunarferð um staðinn. Farið verður gangandi til baka að Hurðarbaki en einnig boðið upp á að tylla sér á heyvagn.

Laugardagur 25. maí

09:00 – 11:00 Félagslundur. Morgunverður í boði Fjörs í Flóa og fyrirtækja á Suðurlandi. Allir velkomnir í notalega samverustund sem Kvenfélögin í Flóahreppi sjá um. Hinn margrómaði kökubasar kvenfélaganna á staðnum. **Brokk og skokk** Ungmennafélagsins Þjótanda við réttina í Félagslundu að loknum morgunverði.

Ullarvinnslan Þingborg. Gamla Þingborg opið hús
Gallery Flói Gamla Þingborg opið hús

11:00 – 17:00 Þingborg. Hlutavelta, kökubasar, blómasala, fatamarkaður ásamt fleiru.

Pylsusala Ungmennafélagsins Þjótanda, vöfflu og kaffisala á vegum kvenfélaganna.

Skólahreystilið Flóaskóla mætir og stjórnar þrautabraut í anda skólahreysti. Hoppukastalar, pannavöllur og andlitsmálning.

Dýrin okkar stór og smá mæta á staðinn og gleðja börnin. Landbúnaðartækjasýningin verður glæsileg að vanda - sjón er sögu ríkari.

Jonni töframaður mætir á staðinn og kennir stórum sem smáum gegguð töfrabrogð - þessu máttu ekki missa af!!! Hinir stórskemmtilegu **Gunnar og Felix** koma í heimsókn og halda uppi stemmningunni fyrir gesti.

Laugardagskvöld

Tónahátíð í Flóahreppi kynnir stórtónleika í Félagslund.

Hljómsveit Unnar Birnu og Björns Thoroddsen sér um að skemmta gestum. Léttar veitingar seldar á staðnum, miðaverði verður stillt í hóf.

Veislustjóri Björk Jakobsdóttir leikkona.

Uppbyggingarsjóður SASS styrkir verkefnið „Tónahátíð í Flóahreppi“.

Nánari tímasetningar verða auglýstar síðar ásamt fleiri viðburðum. Sjá einnig viðburði í Tré og list yfir hátíðardagana annars staðar í blaðinu.

Hlökkum til að sjá ykkur.



Menningarnefnd Flóahrepps.

Brokk og skokk á Fjöri í Flóa

Ungmennafélagið Þjótandi mun halda sína þriðju keppni í Brokk og skokk á Fjör í Flóa. Keppnin fer fram laugardaginn 25. maí strax að loknum morgunverðinum í Félagslundi. Áhorfendum sem hyggjast fylgjast með keppninni er bent á að best er að vera við Félagslund meðan á keppninni stendur.

Brokk og skokk er liðakeppni, þar sem hvert lið skipa tveir einstaklingar ásamt einum hesti. Einstaklingarnir skiptast á að sitja hestinn og hlaupa. Keppt verður í tveimur flokkum, það er annars vegar fjölskylduhringur og hinsvegar íþróttahringur.

Í íþróttahringum sem er rúmlega 4 km að lengd eru allir keppendur ræstir samtímis kl 11:10. Upphafsstaður íþróttahringins er við afleggjarann á Syðra-Velli en keppendur geta tekið hesta af kerrum þar heima á hlaðinu. Frá Syðra-Velli er riðið sem leið liggur eftir Hamarsveginum, að Gaulverjabæjarkirkju og í gegnum Haugsland. Þaðan aftur upp á veg og endað hjá Félagslundi. Á leiðinni eru þrjár fyrirfram ákveðnar skiptistöðvar. Sá sem ríður hestinum af stað skilur hestinn eftir á fyrstu skiptistöð og hleypur áfram. Svo þegar sá sem hljóp af stað fyrsta legginn kemur að fyrstu skiptistöð, þá tekur hann hestinn og ríður áfram. Og síðan koll af kolli, alla leið í mark. Það lið sem er síðan fyrst í mark, með báða liðsmenn, vinnur.

Í fjölskylduhringum sem er um 2 km að lengd, eru engar skiptistöðvar og heimilt er að teyma börn undir 8 ára aldri alla leiðina. En séu börn kominn yfir 8 ára aldur, þá verður að skipta að minnsta kosti einu sinni um knapa. Það má gera hvenær og hvar sem er í brautinni. Fjölskylduhringurinn hefst við Félagslund kl 11:00, liggur að Gaulverjabæjarkirkju, gegnum Haugsland og aftur að Félagslundi.

Keppendur mæta sjálfir með hesta til keppninar og er öllum keppendum skylt að bera hjálma. Auk þess þurfa keppendur að klæðast gulum vestum sem Þjótandi mun útvega.

Gott væri ef þeir keppendur sem ætla að taka þátt væru búnir að skrá sig til leiks í seinasta lagi fimmtudaginn 23. maí hjá Guðmundu í síma 846-9775 eða á gudmunda89@gmail.com. Hún gefur einnig nánari upplýsingar um keppnina. Einnig verður hægt að skrá sig á staðnum en betra er að fá skráningar inn fyrirfram.

Fólk á öllum aldri er hvatt til að koma og vera með í þessari skemmtilegu keppni en leiðin hefur verið styttnu frá fyrri keppnum og því flestum fær. Loftmyndir af leiðunum munu birtast á facebook síðu Þjótanda þegar nær dregur.

Að lokinni keppni mun verða veitt verðlaun við Félagslund.

Umf. Þjótandi

Framundan hjá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:

**Vorfundur verður 29. maí kl 19. Staðsetning auglýst síðar.
Sumarferð 3. júlí. Takið daginn frá.**

Stjórnin

**Framræsingar
Fyllingar
Upphreinsanir
Efnisflutningar
Ýmis önnur jarðvinna**

Fossandi ehf. S:895-3437

UPPSKRIFTARHORNID

Ég þakka Bryndísi Evu traustið.

Mexico súpa

4-6 kjúklingabringur

3 rauðar paprikur

1 púrri

1-2 msk karrý

1-2 msk rósmarin

Heill hvítlaukur

1 flaska Heinz chillisósa sterk

1/2 -1 flaska Heinz chillisósa venjuleg

400gr rjómaostur

3-4 dl matreiðslurjómi

Ca 1 lítri vatn

*skera kjúklinginn í ræmur og steikja á pönnu með salti. Setja til hliðar á disk.

*skera papríku og púrri og saxa hvítlaukinn. Allt steikt á pönnu + karrý.

*Setja í pott: Chillisósurnar, rjómaost, rjóma og rósmarin og allt látið malla. Passa að rjómaosturinn bráðni alveg og einnig þynna með vatni ef súpan er of þykk. (Smekksatriði)

Bæta kjúklingnum og grænmetinu saman við og láta malla.

Ég skora á hana Unni á Litlu-Reykjum 😊

Árný Ilse Árnadóttir, Oddgeirshólum



Flóahlaupið

41. Flóahlaupið fór fram við Félagslund í Flóahreppi laugardaginn 6. apríl. Keppendur voru 114 talsins og er það næst fjölmennasta hlaupið frá upphafi.

Keptt var í 3km hlaupi 14 ára og yngri í flokki pilta og stúlkna. Sigurvegarar í því voru Sigurjón Reynisson Umf. Þjótanda á 13:39mín og Andrea Arnarsdóttir FH á 19:09mín. Í 5 km hlaupi karla sigraði Vilhjálmur Þór Svansson ÍR 16:36mín og í kvennahlaupinu sigraði María Birkisdóttir FH á 19:21sek. Í 10 km hlaupi karla sigraði Vignir Már Lýðsson ÍR á 34:38mín og kvennaflokkinn sigraði Fríða Rún Þórðardóttir á 41:41mín. Einnig voru veitt verðlaun í einstökum aldursflokkum en öll úrslit má sjá á hlaup.is.

Að hlaupi loknu var öllum boðið til kaffisamsætis í Félagslundinu þar sem allir gerðu veitingunum góð skil eins og vant er.

Styrktaraðilum hlaupsins er þakkað sérstaklega fyrir þeirra framlag en þeir voru að þessu sinni: Nettó, HP kökugerð, MS, Vífilfell, AB-Skálinn, Set og Vélsmiðja Suðurlands.

Auk þess þökkum við sérstaklega öllum þeim sem bökuðu fyrir kaffið og aðstoðuðu við framkvæmd hlaupsins.

Stjórn Þjótanda

Frá Kvenfélögunum í Flóahreppi:

Nú líður að Fjóri í Flóa og meðal þess sem að kvenfélögin standa fyrir þá helgi er hlutavelta, þess vegna leitum við til ykkar kæru sveitungar.

Ef þið eigið eitthvað góss sem að þið viljið gefa á hlutaveltu þá þiggjum við það með þökkum.

Eins og alltaf fer ágóði okkar af Fjóri í Flóa til góðra verka. Tekið er á móti dóti dagana 20. til 23. maí á skrifstofu Flóahrepps, einnig má koma hlutum á kvenfélagskonur.

Með fyrirfram þökk,
Kvenfélögin í Flóahreppi.

Fréttir frá Krakkaborg

Starfið í leikskólanum Krakkaborg gengur vel. Að þessu sinni deilum við með ykkur hvernig dagur á elstu deild skólans, Krummadeild, gengur fyrir sig.



Á Krummadeild þetta skólaárið eru 19 börn fædd 2013 - 2015. Enginn dagur er eins en þó hafa þeir allir sinn kjarna sem veitir öryggi og staðfestu.

Morguninn hefst með frjálsum leik og morgunmat. Nemendur koma að borðinu þegar þeim hentar á bilinu 8:30 - 9:00. Þessi rólegi tími gefur tækifæri til samskipta og stundum hafa nemendur mikla þörf fyrir að tjá sig. Eftir morgunmat er samverustund þar sem farið er yfir daginn, sungið og farið í ýmsa leiki tengda málörvun. Að því loknu er hópnum skipt niður og farið í skipulagðar stundir.

Eftir skipulagðar stundir leggja aðstoðarmenn á borð samverustund hjá hinum, þá er aftur sungið og farið í leiki, t.d. til að efla framsögn. Eftir hádegisverðinn hvílum við okkur í smá stund, þá leggjumst við á dýnur og hlustum á sögur og ævintýri.

Eftir hvíldina er frjálur leikur úti og inni, svo taka aftur við skipulagðar stundir fram að síðdegishressingu. Síðdegishressingin er flæðandi eins og morgunmaturinn með frjálsum leik. Við endum svo daginn á lestrarstund, þá er hópnum skipt í tvennt og kennari les fyrir nemendur.

Skipulögðu stundirnar hjá okkur eru fjölbreyttar og allir fara a.m.k. einu sinni í viku í hverja stund. Má m.a. nefna íþróttir. Farið er í salinn í Þingborg og hreyfifroskinn efldur, ýmsar æfingar og leikir.

Í stærðfræði er farið yfir grunnatriðin í stærðfræði - mynstur, tölustafir, tölur, talning o.s.frv. og allt í gegnum leik, stundum förum við út og leikum okkur með stærðfræðina þar.

Í útinámi fræðast nemendur um náttúruna, nærumhverfið og hvernig best er að umgangast náttúru og bera virðingu fyrir henni.

Í málörvunarstundum er m.a. unnið með hljóðkerfisvitund, málvitund og málskilningur efldur í hinum ýmsu leikjum. Í þessum stundum eflum við einnig félagsþroska og samskipti.

Í Vinnustofu fer fram leikur og sköpun með ýmiskonar efnivið.

Hugmyndaflugíð fær að njóta sín og sjálfstraust til að reyna sínar hugmyndir eft. Þar eru margskonar verkfæri og aðferðir prufaðar.

Í ART stundum eru félagsfærni og samkennd efl. Fræðst er um ýmsar tilfinningar og hvernig taka megi á þeim.

Elsti árgangurinn er í samstarfi við Flóaskóla við aðlögun milli skólastiga og

fer einnig í ýmsar menningarferðir yfir skólaárið. Á þessu skólaári má nefna m.a. Byggðasafnið á Eyrarbakka og Stokkseyrarfjöru, Hvalasafnið í Reykjavík og Húsdýragarðinn ásamt skemmtilegum ferðum innan Flóahrepps.

Við bjóðum áhugasömum að koma í heimsókn í leikskólann Krakkaborg föstudaginn 24. maí á milli 12:00-14:00 og óskum öllum góðrar skemmtunar á Fjöri í Flóa.

Nú er lag! Þar sem nú verður laus til umsóknar staða á deild og staða þroskaþjálfra næsta haust eru áhugasamir hvattir til að hafa samband við leikskólastjóra.

Bestu kveðjur, nemendur og starfsfólk Krakkaborgar

Tækjalisti Búnaðarfélags Villingaholtshrepps 2019

Hér má sjá tækjalista ársins 2019. Því miður er nýr pinnatætari ekki enn kominn en er væntanlegur á næstu dögum. Munið að skila tækjunum strax eftir notkun hreinum og smurðum. Bændur eru hvattir til að leigja tæki óháð félagsaðild eins og undanfarin ár.

Jarðræktarkveðjur frá stjórn.

Tæki í umsjón Reynis á Hurðarbaki, s. 898-0929:

Flaghefill	1.600 kr/dag
Staurabor	3.000 kr/dag
Topplyklasett	Frítt
Sturtuvagn	10.000 kr/dag
Loftunarherfi	2.100 kr/klst
Múgvendir	1.300 kr/klst

Tæki í umsjón Kristins í Kolsholti, s 869-7625

Sáðvél	2.600 kr/ha
Pinnatætari	3.500 kr/ha
Valtari	2.400 kr/ha
4skera vendiplógur	4.000 kr/ha

Tæki í umsjón Benedikts í Ferjunesi, s. 848-8604

Hnífatætari	2.100 kr/klst
Haugsuga	2.200 kr/klst
Plógur 5skera	4.000 kr/ha
Hagasláttuvél	2.400 kr/klst
Steypuhrærivél	6.200 kr/dag

Frá Villingaholtskirkju:

Þjóðbúningamessa og messukaffi 12. maí

Þjóðbúningamessa verður haldin í Villingaholtskirkju
sunnudaginn 12. maí kl. 13.30.

Við hvetjum alla til að mæta til messu og hvetjum við sérstaklega
alla sem eiga þjóðbúning síns heimalands að mæta í honum.
Pálínuboð/messukaffi verður í Þjórsárveri að lokinni messu.
Þegar haldið er Pálínuboð þá mæta allir með einhverjar
veitingar, brauð eða kökur og leggja á sameiginlegt veisluboð.

Kór Hraungerðis og Villingaholtssókna leiðir söng, organisti er
Ingi Heiðmar Jónsson og prestur sr. Guðbjörg Arnardóttir.

Við hlökkum til að sjá ykkur sem allra flest.

Sóknarnefnd Villingaholtskirkju

Dagskrá mánaðarins

Þjóðbúningamessa	12. maí
Aðalfundur Skógræktarfélags Villingaholtshr.	13. maí
Æfingar í Þingborg	15. maí
Kynning fjarskiptafélaga	22. maí
Æfingar í Þingborg	22. maí
Tónleikar fyrir eldri borgara í Tré og list	23. maí
Fjör í Flóa	24.-25. maí
Vorfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps	29. maí
Æfingar í Þingborg	29. maí

**Flóaskóli keppir til úrslita í Skólahreysti 2019
miðvikudagskvöldið 8. maí kl 20. Keppnin verður í
beinni útsendingu á RÚV.**